

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrata 7
101 Reykjavík

Grund í Skorradal, 9. október 2025

Tilvísun IRN: IRN250900129

Efni: Viðauki við kæru vegna lögmæti og framkvæmdar kosninga um sameiningu sveitarfélaganna Borgarbyggðar og Skorradalshrepps sem fram fór dagana 5. – 20. september 2025. Viðauki við ósk um úrskurðar ráðuneytisins á drætti og aðgengi undirritaðs að gögnum tengt samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna og sameiginlegri kjörstjórn sveitarfélaganna með vísan til sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og samþykktu um stjórn sveitarfélagsins Skorradalshreppur.

Vísað er til kæru frá 27. september s.l. - Hérna fylgir með viðauki er varðar lýsingu kosninganna og kærufrest. Eins er viðauki er varðar aðgengi að gögnum tengt samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna og sameiginlegri kjörstjórn sveitarfélaganna. Áskil ég mér rétt til að koma með frekari gögn, athugasemdir eða skýringar málinu til skýringar.

A)

Við lok kosninga, lýsing og kærufrestur.

Innviðaráðuneytið

Innviðaráðuneytið hefur ekki ennþá svarað eða upplýst hvernær lýsing sameiningakosninganna lauk, þrátt fyrir beiðni um það í erindu mínum frá 27. september s.l.

Í tölvupósti sem mér barst sem sveitarstjórnarmanni þann 3. október s.l. er framsendur tölvupóstur frá formanni kjörstjórnar. Heiti tölvupóstsins er „Skýrsla kjörnefndar og vinnuframlag nefndarmanna“ Þar kemur fram að skýrsla kjörnefndar hafi verið samþykkt í síðustu viku og samþykkt af öllum nefndarmönnum í tölvupósti. Skýrslan sem fylgir með er samt óundirrituð og ekki hefur verið formlega samþykkt á fundi kjörstjórnar og bókuð í fundargerð. Ljóst er að kjörstjórn á funda formlega um skýrslu um framkvæmd kosninganna og staðafesta skýrsluna þar. Fundargerðin sem fylgdi með er á word formi og ljóst að engin fundur kjörstjórnar hefur verið haldin eftir 23. september s.l., samkvæmt meðfylgjandi vinnuskýrslum. Landskjörstjórn getur ekki staðfest formlega skýrslu og lýsingu t.d. við lok alþingiskosninganna nema á formlegum fundi landskjörstjórnar. Niðurstaða þess fundar er síðan tilkynnt með formlegri tilkynningu, útgefinni skýrslu og kærufrestur hefst. Sama gildir hér.

Kemur jafnframt fram í tölvupósti formanns kjörstjórnar: „Það skal viðurkennt að ég áttaði mig ekki á mikilvægi þess að úrslit yrðu tilkynnt sérstaklega með þessari skýrslu, ekki síst vegna þess hversu úrslitin voru afgerandi”. Þó að úrslit hafi verið tilkynnt til sveitarfélaganna, þá þarf formleg skýrsla kjörstjórnar að liggja fyrir, þegar kosningum er lýst og við það hefst kærufrestur. Ljóst er að gallar eru á skýrslu kjörstjórnar og ekki kemur allt fram þar. Það urðu breytingar á kjörskrá eftir að kosningar hófust, við úrskurð Innviðaráðuneytisins. Í skýrslunni kemur fram að engar breytingar hafi verið gerðar. Eins fjölgaði um 136 á kjörskrá í Borgarbyggð, þegar fjölgaði um 6 í Skorradalshreppi. Annað er gefið til kynna í skýrslu kjörstjórnar en Innviðaráðuneytið er með þessar upplýsingar hjá sér.

Að þessum viðbótar forsendum gefnum þá ítreka ég ósk eftir að ráðuneytið úrskurði um framkvæmd og stjórnsýslu við íbúakosningar vegna sameiningar Borgarbyggðar og Skorradalshrepps.

B)

Aðgangur að gögnum:

Vísa til kæru til Innviðaráðuneytisins drátt á afhendingu gagna með vísan til 28 gr. og 9 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og eins 21 gr. samþykktu um Stjórn sveitarfélagsins Skorradalshreppur 250/2025, frá 27. september s.l.

Í dag eru kominn aðeins hluti af þessum gögnum. Frá kærinni frá 27. september s.l. kom svar frá sviðstjóra fjármála og stjórnsýslusviðs Borgarbyggðar er framsent var á mig og aðra í hreppsnefnd Skorradalshrepps. Eru það reikningar, kostnaðaryfirlit og samskipti við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna sameiningarnefndar. Þarna kemur fram að samstarfsnefndin hefur hafið samskipti við Jöfnunarsjóð í júlí 2024, sent inn umsókn um framlag vegna viðræðnanna, þrátt fyrir að samstarfsnefndin varð ekki lögformlega skipuð í október 2024. Geri fyrirvara um frekari yfirferð yfir gögnin.

Enn í dag vantar ennþá öll samskipti svo sem tölvupósta til og frá kjörnefndarfulltrúum, bréf og allt sem tengist samskiptum er varðar sameiginlega kjörstjórn sveitarfélaganna. Jafnframt vantar einnig kostnaðaráætlun vegna sameiningarkosninganna sem var óskað eftir þann 20. ágúst.

Eins vantar alla tölvupósta er varða vinnu, fundarboð og samskipti á milli nefndarmanna í samstarfsnefndinni og aðra er varðar vinnu samstarfsnefndarinnar. Einnig öll vinnugögn KPMG er söfnuðust á almennum íbúafundum og samskipti þar á milli KPMG og samstarfsnefndarinnar.

Komnir yfir 60 dagar síðan að óskað var eftir þessum gögnum.

Ítreka ég ósk mína eftir úrskurði ráðuneytisins á þessum óeðlilegum og óhæfum drætti á afhendingu gagna til undirritaðs með vísan 18. gr. sveitarstjórnarlaga, 21.gr. samþykktu um stjórn sveitarfélagsins og XI. kafla sveitarstjórnarlaga.

Ég vil minna á leiðbeiningaskyldu stjórnvalds, ef eitthvað betur má fara í þessari kærú með vísan til 15 gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Virðingarfyllst,



Pétur Davíðsson, sveitarstjórn Skorradalshrepps

Meðfylgjandi:

Tölvupóstur frá 30. september s.l. og fylgigögn.

Tölvupóstur frá 3. október s.l. og fylgigögn.